

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

Heimsfrægur heimsklassa söngleikur á heimsmælikvarða

Fyrir alla fjölskylduna!



Daily Star



Daily Telegraph

Frumskýning 21. febrúar

ÚR SMÍÐJU

MONTY PYTHON

SPAMALOT™

Verðlauna ^{tímamóta} söngleikur byggður á kvikmyndinni
MONTY PYTHON and the Holy Grail

Örn Árnason, Selma Björnsdóttir, Maríus Sverrisson
Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ævar Þór Benediktsson
og Stefán Karl Stefánsson

Konur með stafinn **A** í nafninu sínu eru taldar vera fallegri, gáfaðari og lífa lengur en aðrar.



MÆLIR MEÐ...

FYRIR ÞÁ SEM ELSKA KONUR

Konudagurinn er næsta sunnudag og hefst þá jafnframt Góan. Monitor hvetur alla þá sem eiga einhverja frábæra konu í lífi sínu að skipuleggja eitthvað skemmtilegt í tilefni dagsins. Það er hægt að bjóða henni út að borða, fara í bíó eða jafnvel splæsa í morgunmat í rúmið. Svo er líka alltaf gaman að fá pakka.



FYRIR EYRUN

Hljómsveitin Highlands gaf út í vikunni svokallaða EP plötu sem heitir n°1. Platan inniheldur sex splunkuný lög frá þessari efnilegu ungu hljómsveit en meðlimir hennar eru þau Logi Pedro Stefánsson og Karin Sveinsdóttir. Hægt er að nálgast plötuna frítt á Soundcloud síðu sveitarinnar.




FYRIR SPENNTA

Sjónvarpsstöðin Bravó fer í loftið í mars en nokkuð mikil eftirvænting er nú þegar fyrir stöðinni. Monitor komst á snoðir um gerð myndbands en þar leikur Pétur Jóhann prest í myndbandi við glænýtt lag sem Unnsteinn Manúel úr Retro Stefson samdi. Myndbandið má sjá á bravotv.is




VIKAN Á FACEBOOK



Leioinlegi gaurinn í gær byrjuðu hryllileg myndbönd að birtast mér í newsfeed-

inu mínu. Nú virðist fólk vera farið að þamba bjór, taka það upp á myndband og skora hvert á annað að gera slíkt hið sama. Ég reyndi að sitja á mér en ég get ekki lengur orða bundist. Ég hef ekkert á móti bjórdrýkkju, þvert á móti. En þetta er svo fátánlega asnalegt að ég æli næstum á mig af kjánahrolli þegar ég sé svona myndbönd. Ég vil biðja ykkur um að hætta þessu hið snarasta. Ef þið eruð góðir vinir þá drekið þið alein í myrkrinu heima hjá ykkur og dauðskammist ykkar fyrir það. Ekki deila því með vinum ykkar.

19. febrúar kl. 11:11



Hildur Lillendahl Viggósdóttir Veit einhver hvort, hvar og hvernig ég get keypt áskrift að landnámsþænuveggjum sem eru send heim í Reykjavík?

17. febrúar kl. 18:56



Unnur Eggertsdóttir Ég var sem sagt að enda við það að drulla yfir Framsókn í beinni. Mér verður aldrei hleypt í sjónvarp aftur.

15. febrúar kl. 20:01

www.facebook.com/monitorbladi



Mynd/Þórunn

Standa vörð um bjórfrelsið

Icelandic Beer Festival verður haldið á Kex hostel í lok febrúar. **Ólafur Ágústsson** hjá Kex segir að búast megi við fjölmenni og góðri stemmingu.

„Við erum núna í þriðja skipti að halda þessa hátíð og hún stækkar með hverju árinu,” segir Ólafur. „Okkur er annþ um íslenska bjórmenningu sem er á mikilli uppleið og viljum að íslenski bjórinni fái að vera á þeim stelli sem hann á skilið. Þess vegna bjóðum við til okkar brugghúsum utan úr heimi og í ár erum við með sex stór brugghús, fjögur frá Oregon í Bandaríkjunum og tvö frá Danmörku. Markmiðið er meðal annars leyfa íslenskum og erlendum bruggurum og bjóráhugafólki að hittast og kynnast íslenski bjórmenningu og læra hvert af öðru. Fólk má búast við miklu stuði og góðum anda. Þá verður góður matur á boðstólum sem passar vel við bjórinna sem og góð tónlist. Það er því um að gera að mæta og upplifa góða stemmingu.”

Framtíðin er björt

„Bjórmenningin hér er í stöðugum vexti. Hún hefur aukist mjög hratt undanfarin ár og fólk er alltaf að læra að meta góðan bjór en það er samt enn langt í land. Það sem íslenskir bjórar hafa framyfir erlenda bjóra er að hér höfum við alveg ótrúlega hreint vatn og gæði bjórsins haldast að sjálfsögðu í hendur við það. Íslensku bjórarinnar eru að verða mjög góðir og þeir hafa til dæmis unnið til verðlauna á alþjóðlegum vettvangi. Framtíðin er því mjög björt.”

Aðspurður um uppáhaldsbjórinn segist Ólafur eiga erfitt með að gera upp á milli þeirra. „Bara einhver voldugur og mikill „indian pale ale” frá annað hvort Bandaríkjunum eða Danmörku. Þeir bjórar sem eru hvað vinsælastir í dag eru svokallaðir IPA-bjórar og aðrir Pale

Ale-bjórar. Bjórar sem eru mikið humlaðir og hafa jafnvel hærra áfengisstuðul en gengur og gerist. Þessi stíll er í tisku í dag og þá sérstaklega vestanhafs.”

„Í ár eru 25 ár síðan bjórbannið var afnumið eftir 74 ára bann. Þó að ég hafi verið mjög ungur þegar bjórbannið var loks afnumið þá man ég að fólk var ekki mikið að drekka bjór. Þabbi drakk ekki bjór og þegar hann var milli þrítugs og fertugs þá var landi á boðstólum í afmæli hans. Tímarnir hafa sem betur fer breyst og áfengismenningin hefur batnað til mikilla muna. Það er til dæmis mjög skemmtileg og rík menning í kringum bjórdrýkkju. Fólk kemur saman og fær sér bjór og það er gaman að upplifa allt sem tengist þessari menningu,” segir Ólafur.

BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 40** milljón manns nota Vine.
- 21** lúkk frá Sónar má sjá í Stílum á bls. 8
- 74** ár var bjórinna bannaður á Íslandi.
- 6** reglur um klósettkurteisi birtast á bls. 16

MONITOR@MONITOR.IS
Ritstjóri: Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is),
Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Bláðamenn: Rósa María Árnadóttir, Auður Albertsdóttir, Lís Hafliðadóttir (í fæðingarorlofi)
Forsíða: Þórunn Arnar Þórðarson (thordur@mbl.is) **Umbrot:** Monitorstaðir
Auglýsingar: Auglýsingagæild Árvakurs (augl@mbl.is)
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson
Útgefandi: Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Póstkort frá Kalí

Kæri lesandi, í því sem þú lest þessi orð sit ég líklega á strönd í Kaliforníu og smám saman er föli náliturinn á húð minni að fá á sig kandífflossbleikann blæ. Það er ekki einu sinni það mikil sól, ég er bara það hvít.

Ég þurfti sárlega á frí að halda. Eins og flestir námsmenn fæ ég yfirleitt lítið sem ekkert frí á sumrin og hef almennt ekki efni á því að tjalda í Vatnaskógi, hvað þá að kaupa mér ferð til útlanda. Það er því kærkomið að bregða sér út fyrir landsteinana og ég hef líklega þegar böggáð vini mína með myndafloði af hamingju minni á Instagram og Facebook.

Ég er hinsvegar ekkert rosalega góð að taka frí. Ég á það til að vilja gera allt sjálf og á því oft stundum erfitt með að láta verkefni í hendurnar á einhverjum öðrum. Ég er því ótrúlega þakklát fyrir að eiga gott samstarfsfólk

sem siglir skútunni á meðan ég er í burtu og vil ég þar sérstaklega nefna Mariu Margréti sem Monitor fékk að láni frá systurlaúinu. Þær

Ausa og Rósa eiga einnig slatta af ást skilið og sómuleiðis Himmi nokkur Gunn sem er svo sannarlega hornsteinninn að Monitor stöðum. Þau eru reyndar frábær í hverri viku en ég er sérlega ástríkt hér í dag þar sem ég er komin í frí og langar að faðma heiminn.

Vonandi nýtur þú blaðsins sem þú hefur í höndum þér lesandi góður. Ég ætla allavega að njóta þess að lesa það í tölvutækuformi, af monitor.is eða Issuu frá Kaliforníu.

Ástarkveðjur
Anna Marsý



Þeir sem reyna of mikið verða aldrei svalir

Joeri Van den Bergh hefur um áraræðir starfað í markaðsmálum. Hann kemur hingað til lands og heldur erindi á ráðstefnunni **How Cool Brands Stay Hot** sem fram fer í Háskólabíói þann 10. apríl næstkomandi.

Bergh er heill hafsjór af fróðleik þegar kemur að markaðsmálum og hefur aðallega einbeitt sér að yngri kynslóðinni sem gjarnan er kölluð Y-kynslóðin. Hann segir að ein stærstu mistök sem fyrirtæki geti gert sé að kaupa sér vinsældir.

Hver er þinn bakgrunnur?

Í starfi mínu hef ég lagt áherslu á að rannsaka yngri kynslóðina og markaðsetningu sem beint er til hennar. Í rannsóknum mínum komst ég að því að ákveðin lyklatríði eru gjarnan áberandi og út frá þessum atriðum má draga ályktanir um markaðinn. Þessar niðurstöður lagði ég til grundvallar í nýútkominni bók minni **How Cool Brands Stay Hot**. Rannsóknir sýndu að þegar Y-kynslóðin ræddi um tiskumerki þá var hún oftast ekki að nota sömu orðin til þess að lýsa upplifun sinni af merkjunum. Orðin féllu í ákveðna flokka t.d. eftir því hversu svöl eða einstök vörumerkin voru eða þá hvort þau endurspegluðu persónuleika fólksins eða ekki og svo framvegis. Það að eitthvað sé svalt hefur til dæmis allt aðra merkingu fyrir Y-kynslóðina en fyrir X-kynslóðina. X-kynslóðin telur að það sem er svalt hverju sinni sé í tísku og njóti ákveðinnar virðingar en Y-kynslóðin vill heldur skapa merkið í samstarfi við fyrirtækin og upplifa eitthvað nýtt, óvænt og fyndið.

Er erfitt að ná til Y-kynslóðarinnar?

Já það er mjög erfitt að ná til þessarar kynslóðar þar sem fjölmiðlarnir í dag eru svo margbrotnir og fjölbreyttir. Samskiptamiðlar eru fleiri og það er fljótt að breytast hvað telst vinsælt hverju sinni. Þá hafa samskiptamiðlar áhrif á þann tíma sem ungt fólk hefur til þess að fylgjast með hefðbundnum fjölmiðlum, lesa tímarit eða hlusta á útvarpið. Þá er líka erfðara að ná til þeirra vegna þess að þessi kynslóð hefur verið

Unga fólkíð skynjar það um leið ef verið er að reyna að selja því eitthvað og er á varðbergi.

alin upp við auglýsingar. Hún er því orðin mjög sjóud í hvers konar markaðsetningum. Unga fólkíð skynjar það um leið ef verið er að reyna að selja því eitthvað og er á varðbergi. Hefðbundnar auglýsingar missa því oft marks því það sér að um brellu sé að ræða. Fyrirtæki þurfa því að hætta að segja ungu fólkíð hvað það á að kaupa og frekar að reyna að fá það í auknum mæli til liðs við sig. Það er hægt með að virkja fólk og segja sögu sem skilur eitthvað eftir sig.

Geturðu nefnt dæmi um velheppnaða markaðssetningu?

Merki á borð við Nike og Coke hafa náð góðum árangri í að skapa gott samband við yngri kynslóðir. Þau hafa þróast og breytt áherslum sínum með breyttum tímum. Nike notar til dæmis enn gamla góða slagorðið *sitt Just Do It* sem er eitt öflugasta slagorð sem hefur verið skapað. Þeir snúa ekki baki við sinni arfleifð sem snýst um það að maður getur orðið öflugur íþróttamaður ef maður leggur sig fram og notar réttu skóna. Áður fyrr notuðu þeir fræga íþróttamenn máli sínu til stuðnings en nú virka slíkar aðferðir ekki eins vel. Unga kynslóðin veit að Ronaldo er að fá fúlgur fjár fyrir að lána nafnið sitt ákveðnu merki og því þarf að fara aðrar leiðir. Nú snýst þetta ekki um fræga fólkíð heldur aðeins venjulega einstaklinga og hvernig hægt er að hjálpa þeim að ná markmiðum sínum í lífinu.



Vissulega er frægt fólk enn notað en þá aðallega í gamansömum tilgangi.

Coke hefur einnig breytt um áherslur síðustu ár. Bakbein vörumerkisins Coke er hamingjan og fyrir rúmum áratug var slagorð Coke "Vertu Coke megin í lífinu" sem hafði skipandi yfirbragð. Nú beina þeir frekar athyglinni að almennri hamingju allra. Lögd er áhersla á að deila drykknum með öðrum til dæmis með því að setja raunveruleg mannanöfn á umbúðirnar. Þeir vita að ekki má tala niður til fólks heldur þarf frekar að leyfa því að taka þátt í gleðinni enda er þetta kynslóð sem hefur verið alin upp á meiri jafningjagrunðvelli en fyrri kynslóðir og veit að skoðanir hennar skipta máli.

Hver eru stærstu mistök sem fyrirtæki geta gert?

Stærstu mistök eru að reyna að kaupa sér vinsældir. Það er hægt að gera slík mistök á mismunandi hátt, til dæmis með því að herma eftir öðrum merkjum eða með því að fá vinsæla hljómsveit til þess að kynna merkið. Slíkar lausnir eru dýrar og virka illa en samt sem áður sjáum við fyrirtæki oft gera þetta. Það höfðar illa til yngri kynslóðarinnar sem sér strax í gegnum slíkar tilraunir. Ekki fela veikleikana með því að kaupa vinsældir. Sannleikurinn er sá að þeir sem reyna of mikið að vera svalir verða bara aldrei svalir. Best er að vera trúr uppruna sínum og finna sína eigin sérstöku rödd sem aðrir skynja að sé trúverðug.

HVAÐ SEGIR UNGA FÓLKÍÐ?



LÚÐVÍK MARÍNÓ KARLSSON, 17 ÁRA
Kók eða Pepsi? Kók.

GABRIEL INGI AGNARSSON 16 ÁRA

Hvert er uppáhaldsvörumerkið þitt? Apple. Ég á iPhone og líkar mjög vel. Almennt tel ég að auglýsingar hafi mjög mikil áhrif á mig.



HEIÐAR ÞÓR STEFÁNSSON 17 ÁRA

Hvaða merki finnst þér flottast? Ég spái ekkert í vörumerkjum. Ég vel mér bara fót sem mér finnst flott. Ég á reyndar iPhone síma en ég þoli hann ekki. Ég held almennt að auglýsingar hafi ekki mikil áhrif á mig.

JÓNA G. KOLBRÚNAR-DÓTTIR 21 ÁRS

Hver eru heitustu vörumerkin í dag? Mér finnst Nike vera mjög mikið „inn“ í íþróttafatnaðinum. Ég á til dæmis Nike Free skó sem eru ljósbláir með neon-gulum reimum.



SVAVAR HELGI ERNUSON 24 ÁRA OG KARLOTTA DÖGG JÓNASDÓTTIR 22 ÁRA

Hver eru heitustu vörumerkin í dag? Svavar: Mér finnst ekkert eitt merki vera flott. Ég vel bara það sem mér finnst flott hverju sinni. Ég á til dæmis bæði Adidas og Nike vörur. Maður tekur eftir auglýsingum en þau hafa ekki mikil áhrif á mig. Karlotta: Ég myndi segja að Nike væri mjög vinsælt í dag. Ég á ekki Nike Free skó en mig langar í þá.




DAGNÝ HARDAR-DÓTTIR 20 ÁRA

Áttu Nike Free skó? Nei, ég fíla þá bara alls ekki. Ég er meira að spá í „vintage“ fötum og vel bara það sem grípur mig hverju sinni óháð merkjum.

Den Danske Kro

Kro Bodega Pub



HAPPY HOUR
16-19 ALLA DAGA



ATLI FREYR ÞORVALDSSON

Fyrstu sex: 040895
Námsbraut: Náttúrufræðibraut
Lag á heilanum: Comfortably Numb-Pink Floyd
Sérsvið: Hafnfröðingabrandarar sagðir af Árbæingum
Uppáhalds spurningaflokkur: Vísendingaspurningar
Uppáhalds prófasnarl: Maltesers
Uppáhalds námsgrein: Spænska
Skrítnasti kennarinn: Vil ekki særa neinn, pass á þetta
Ef ég væri Gettu Betur spyrill væri ég: Sigmar Guðmunds
Ég veit ekkert um: Sögu Tösku- og hanskabúðarinnar

GRÉTAR GUÐMUNDUR SÆMUNDSSON

Fyrstu sex: 141194
Námsbraut: Náttúrufræðibraut
Lag á heilanum: The Boxer með Simon & Garfunkel
Sérsvið: Innanhússhjólreiðar
Uppáhalds spurningaflokkur: Vísendingaspurningar
Uppáhalds prófasnarl: Kjömmi & kók
Uppáhalds námsgrein: Finniska
Skrítnasti kennarinn: Ég var með mjög skrítninn kennara í grunnskóla sem heitir Edda Hauksdóttir. Sonur hennar kenndi mér líka, hann var ennþá skrítnari. Ég man reyndar ekki hvað hann heitir.
Ef ég væri Gettu Betur spyrill væri ég: Sérfróður um úrslitaleik HM í handbolta 1938.
Ég veit ekkert um: Allt.

JÓN KRISTINN EINARSSON

Fyrstu sex: 240796
Námsbraut: Málaeild.
Lag á heilanum: Bust tha Óle arnold BYTCH með bustinBytches.
Sérsvið: Gúffens.
Uppáhalds spurningaflokkur: Hraðinn maður.
Uppáhalds prófasnarl: Myrkur dóri og sýrður ómar.
Uppáhalds námsgrein: BULK 103.
Skrítnasti kennarinn: Gummi bassi, tónmenntakennari.
Ef ég væri Gettu Betur spyrill væri ég: Emma Hermanns.
Ég veit ekkert um: Hitt kynið. Þyrfti helst einkakennslu.



Grettu betur

Í kvöld klárast 8-liða úrslit Gettu Betur með viðureign MR og Verzló. Eins og undanfarnar vikur fékk Monitor meðlimi liðanna til að sýna sína bestu grettutakta og var útkoman stórkostleg.



AXEL HELGI ÍVARSSON

Fyrstu sex: 250195
Námsbraut: Félagsfræðibraut - Alþjóðasvið
Lag á heilanum: 99 Problems með Hugo og Natteravn með meistara Rasmus Seebach fá þennan heiður.
Sérsvið: Sjóvarpskökubakstur, „spamma“ á Snapchat, íslenskir forsætisráðherrar og afbrigðilegar íþróttir.
Uppáhalds spurningaflokkur: Bjölluspurningar. Að hika er að sama og tapa.
Uppáhalds prófasnarl: Súkkulaði og kaffi, punktur.
Uppáhalds námsgrein: Það var danska, sælla minninga, en þar sem dönskunámi er lokið þá er það alþjóðfræði sem stendur upp úr eins og er.
Skrítnasti kennarinn: Skrýttinn er afskaplega leiðinleg lýsing. Gæti virkað eins og að ég hafi eitthvað á móti kennaranum. Ætla að segja Bergþór stærðfræðikennari. Hann er samt sem áður algjör fagmaður og skemmtilegur karakter.
Ef ég væri Gettu Betur spyrill væri ég: án efa að mikið að nota gömlu spyrilfrásana hans Sigmars (Kastljós og Útsvars). „Þögn í sal“ væri t.d. óspart notað.
Ég veit ekkert um: rauðu Verzlópeysuna mína. Hún er týnd.

ÚLFUR ÞÓR ANDRÁSON

Fyrstu sex: 230794
Námsbraut: Félagsfræðibraut – Alþjóðasvið
Lag á heilanum: No Song með Kakkamaddafakka
Sérsvið: Matur, bæði bóklegur og verklegur
Uppáhalds spurningaflokkur: Hef oft verið bendlaður við bleika flokkinn, veit ekki afhverju
Uppáhalds prófasnarl: Allt sem inniheldur sykur, koffín og bragðast eins og pappi
Uppáhalds námsgrein: Saga (Óli Njáll, þessi er fyrir þig)
Skrítnasti kennarinn: Óli Njáll verður að taka það á sig
Ef ég væri Gettu Betur spyrill væri ég: Furðulegt blöndingsafkvæmi Björns Braga og Loga Bergmanns.
Ég veit ekkert um: Sundknattleik

GYLFI TRYGGVASON

Fyrstu sex: 111295.
Námsbraut: Eðlisfræði.
Lag á heilanum: Krúsílius.
Sérsvið: Fataskápur Kanye West og sauðfjárrækt armenskra bónda á miðri 14. öld.
Uppáhalds spurningaflokkur: Hraðaspurningar.
Uppáhalds prófasnarl: Hvað sem ég finn í nestisboxinu hans Axels dugir mér.
Uppáhalds námsgrein: Allur fróðleikur er skemmtilegur – nema þegar hann er um steindir og storkubergr...
Skrítnasti kennarinn: Úlfur þegar hann bregður sér í kennarahlutverkið.
Ef ég væri Gettu Betur spyrill væri ég: líklega páfagaukur, held það væri mjög töff.
Ég veit ekkert um: Næringargildi trommukjuða.

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR
Í BAKKALÁRNÁM TIL 21. MARS

MYNDLIST TÓNLIST HÖNNUN & ARKITEKTÚR

Nánari upplýsingar um námsbrautir, inntökuferli
fyrir hverja deild og rafrænar umsóknir á www.lhi.is

Myndlistardeild

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Arkitektúr
Fatahönnun
Grafísk hönnun
Vöruhönnun

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur og söngur
Kirkjutónlist
Skapandi tónlistarmiðlun
Söng- og hljóðfærakennsla
Tónsmíðar
Diplóma í hljóðfæraleik og söng

Ekki er tekið inn í sviðslistadeild fyrir skólaárið 2014–2015



SÓNAR STÍLLINN

Tónlistarveislan **Sónar** var haldin í Hörpu síðastliðna helgi með pompi og prakt. **Stíllinn** lét sig að sjálfsögðu ekki vanta og fór á stúfana í leit að skemmtilegu fólki í fallegum flíkum. Margt var um manninn og var Stíllinn ekki lengi að finna hinar ýmsu týpur og smella af nokkrum myndum.



Miklir töffarar hér á ferð, Janus og Ólafur Arnalds. Munstraða skyrtan og Kenzo peysan segir allt sem segja þarf!

Skeggjaðir menn voru áberandi á Sónar líkt og allsstaðar annarsstaðar nú til dags, þeir sem geta hafa hætt að raka sig og leyfa nú skegginu að njóta sín. Það er skemmtileg tilbreyting, nú er ekki regla að vera nýrakaður og snyrtilegur þegar um fin tilefni er að ræða. Hipstera lúkkið er alltaf vinsælt og þessi er alveg með það á hreinu.

Hárprúði ungi maðurinn sem var að rokka „denim on demin“ lúkkið. Stíllinn hefði þó hugsanlega valið aðra skyrtu og skó við í öðrum lit en það er mismunandi hvað fólk þykir passa saman. Mikilvægast er að klæðast því sem manni líður best í!



Þessi gullfallega stúlka lét sjá sig á Sónar í sínum lit, þessi lime gul/græni litur fer húð hennar og hári fullkomlega. Minimalískt og töff lúkk sem hún toppar með hálsmeni og ennisbandi.



Vinkonurnar Ída og Svanhildur í blússandi filing á laugardagskvöldinu. Ída í dásamlega fallegum, hvítum kimono og bleiki samfestingurinn hennar Svanhildar er sjúkur og skemmtilegur á kvöldi sem þessu.





Kóngabláa hárið á Evu Susönnu tónar vel við fina blómapilsíð. Leðurjakkinn, kógurtaskan og svörtu skórnir er fullkomið við, ekki of mikið. Kasjúal/kúll lúkkið hans Ben Pound er mjög töff og þá sérstaklega Nike skórnir.



Það er greinilegt að þessir félagar eru ekki hræddir við að klæðast munstri, því fagnar Stíllinn innilega og hvetur íslenska stráka að taka þá sér til fyrirmyndar.



Þær Gígja og Vigdís skvísuðu sig upp í tilefni Sónar og brostu sínu blíðasta. Gígja í sundbol við háar gallabuxur og hæla en Vigdís í fallegri blárri skyrtu sem var flegin að aftan og flottum skóm.



Virkilega skemmtileg samsetning af munstrum í gangi hjá þessari skvísu og lítirnir eiga voða vel við hana. Dökkrauði varaliturnir fer henni einnig ofsalega vel.



Parið María Lilja og Veigar skáru sig úr fjöldanum og þá sérstaklega vegna guðdómlegu loðnu kápunnar sem María klæddist og rauða klútsins hans Veigars sem var í stíl við hana. Falleg og flott saman.



Hjálmar er hér í einstaklega töff stuttermaskyrtu sem hafa verið virkilega vinsælar upp á síðkastið. Við hlið hans er Edda í sjúkum kjól eftir íslenska hönnuðinn JÖR sem byrjaði nýverið að bjóða einnig upp á kvennalínu, sem er auðvitað gleðiefni fyrir konur landsins og mælir Stíllinn með því að splæsa í flik eftir kauða.



Hér má sjá Moniku, Björn og Erlu Franklín í góðum gir á fimmtudagskvöldinu. Monika er í fallegum pels við svart dress, Björn er í flottri skyrtu við niðurþröngar buxur og Erla í oversized leðurjappa við geggjaðar buxur og magabol.

BORGES®

Mediterranean Oils

Borges hafa verið meistarar í framleiðslu á olíu frá 1896. Kynna með stolti 4 Olier, úrvalsblöndu af olíum sem gerir ykkur kleift að njóta náttúrulegs bragðs matarins með hollri steikingu.



UPPSPRETTA OMEGA3

Stuðlar að heilbrigðu hjarta- og æðakerfi.



INNIHELDUR OMEGA6

Stuðlar að minna magni LDL, slæma kólesterólsins.



NÁTTÚRULEGA RÍK AF VÍTAMÍNIE

Stuðlar að því að verja frumurnar.



BÆTT MEÐ VÍTAMÍNID

Stuðlar að heilbrigðri virkni ónæmiskerfisins.

Ómissandi þáttur
í **ELDUN** og **STEIKINGU**.

Borges
hugsar um þig!



Heilinn mikilvægari en hnéð

Greta Mjöll Samúelsdóttir lét heilsuna ganga fyrir þegar hún hætti í fótbolta í haust eftir glæstan feril í bæði meistaraflokki Breiðabliks og íslenska landsliðinu. Hún slær þó ekki slöku við og syngur í hljómsveit ásamt systur sinni en einnig söng hún fyrir landsmenn í Söngvakeppni Sjónvarpsins síðustu helgi með lagið „Eftir eitt lag“.





UPPÁHALDS:

Nammi: Sílfurlitaðar
hauskúpur allan daginn.

Drykkur: White russian.

Borg: Boston mín.

Eurovision lag: Fyrir utan
„Eftir Eitt Lag“ auðvitað þá
er það Euphoria, elska það.

Grænmeti: Gulrætur. Alltof
léleg að borða grænmeti.

Eldhúshald: Sleikja, nota
hana miklu oft en maður
á að gera í matargerð er ég
viss um.

Fjölskyldu minni finnst ég ekkert krútt. Þau vilja meina að ég sé með strípihneigð, klassískasta djókið mitt er að „moon-a“ við hin ýmsu tækifæri“, segir Greta Mjöll blaðamanni eftir umræðu þess efnis að atriði hennar í Söngvakeppninni hafi verið kallað krúttlegt. Krútt eða ekki, Greta Mjöll hefur nóg að segja frá og sagði Monitor meðal annars frá „Ó María“ bombunni, ástarsorginni þegar hún hætti í fótboltanum og Instagram myndinni sem varð pólitísk.

Texti: Auður Albertsdóttir audura@monitor.is
Myndir: Þórhur Arnar Þórðarson thordur@mbl.is

Nú eru þrjú dagar liðnir síðan Söngvakeppni Sjónvarpsins lauk. Ertu í spennufalli?

Alls ekki, ég hefði kannski búist við því að vera þreytt eða búin á því en ég er ennþá bara brosandí. Ég á náttúrulega vini og ættingja sem standa þétt við bakið á mér og komu til mín mjög tapsárir. Þrátt fyrir að hafa mikið keppnisskap þá er ég ekkert sár. Þetta var svo skemmtilegt og ég held að þetta verði alltaf reynsla sem ég mun alltaf geta nýtt mér.

Þannig að keppnin var aðeins jákvæð upplifun?

Á ákveðnum tímupunktum varð ég auðvitað skíthrædd og lofaði sjálfri mér að setja mig aldrei í svona aðstæður aftur. En þegar á hölminn var komið og ég var upp á sviði hugsaði ég bara „Vá, hvað þetta er gaman“. Þegar stressið kemur yfir mann er þetta ekkert skemmtilegt en svo kemur einhver víma og hún var einmitt þegar hún átti að vera. Svo kynntist ég líka alveg ótrúlega skemmtilegu fólki og það kom mér skemmtilega á óvart hvað svona flottir og virtir listamenn eru almennilegir í „real life“.

Hafði það alltaf verið draumur þinn að taka þátt í Eurovision?

Ekkert frekar, það hefur aldrei verið á listanum mínum. En „aldrei að segja aldrei“ er á listanum mínum og þegar þetta kom upp á borðið hugsaði ég bara afhverju ekki? En svo verð ég að viðurkenna það að þegar maður er söngkona og er að reyna að plumma sig þá hugsar maður alveg út í þann möguleika. En ég var alveg viss um það að ef ég myndi gera það myndi ég þurfa að gera það með lagi sem ég hefði trú á. Ég hef oft horft á Eurovision og lögin eru misgóð. Stundum eru æðisleg lög en stundum eru þau ekki góð, því smekkur fólks er misjafn. Stundum hef ég hlustað og hugsað með mér: „Fannst honum/henni þetta bara geðveikt lag?“ Ég hef því lofað sjálfri mér að taka aldrei þátt í keppninni nema að vera samkvæm sjálfri mér og þykja lagið gott. Það þýðir ekki að öllum finnst lagið okkar gott en mér fannst það gott og ég trúi því. Svo var líka gaman að Bergrún vinkona mín samdi textann og vinkona hennar Ásta Björg samdi lagið.

Höfðu þær bara samband og báðu þig um að syngja lagið?

Já, mér skilst að þær hafi verið með mig í huga frá upphafi. Mér fannst það frekar merkilegt því Ásta Björg er alveg stógóð söngkona og með mjög fallega rödd. Þegar ég heyri lagið fyrst þá er það bara upptaka sem hún syngur inn á Iphone og fyrsta spurningin mín var „Afhverju syngur hún það ekki?“. Þær sögðust bara hafa heyrt aðra rödd fyrir þetta lag og ég er glöð með að það var mín rödd.

Hefur söngur alltaf verið hluti af lífi þínu?

Jú, alltaf síðan ég var krakki. Hvort ég var góð í því veit ég ekki. En ég hef sungið síðan áður en ég kunní lög. Þá samdi ég þau bara um hlutina í kringum mig. Hófi systir mín og ég vorum alltaf syngjandi. Hún er þremur árum eldri en ég og var bara næstum því skríytin þegar það kom að textum. Hún var fjögurra ára og kunní bara öll erindin í „Snert hörpu mína“ og „Hver á sér fegra föðurland“ Ég, þremur árum yngri kunní auðvitað aldrei lög eins og hún þannig við eigum mikið af kasettum þar sem við erum að syngja og hún syngur öll erindi af allskyns lögum og ég sem

kunní engin lög söng bara um inniskónna og ryksuguna. Allt auðvitað stórgóð lög.

Hafið þið systurnar sungið mikið saman?

Já, við höfum sungið alla tíð og tókum þátt í söngkeppnum og þar fram eftir götumum. Síðan árið 2006 er Hófi í hinu herberginu að syngja og semja og ég heyri hana semja lagið „Ó María“við gamla textann og fannst það alveg stórkostlegt. Ég spurði hana hvort ég mætti flytja það í Söngkeppni MK. Fyrst sagði hún nei en ég suðaði bara og suðaði þangað til ég fékk mínu framgengt, eins og yngri systur er einni lagið. Hún kom með og raddaði hjá mér og þetta var í raun opinberun á því að ég gat sungið. Mörgum fannst það fyndið að fótboltastelpa væri að syngja og héldu að þetta væri grín.

Lagið „Ó María“ varð síðan alveg gifurlega vinsælt þetta sama ár. Var það eitthvað sem kom ykkur á óvart?

Já, lagið varð miklu vinsælla en við þorðum að vona. Að vinna keppnina í MK var náttúrulega bara „sjokk“ númer eitt. Að fara svo í aðalkeppnina var alveg ótrúlegt. Ég man varla eftir þessum tíma, ég var svo kvíðin. Eftir Söngkeppni Framhaldsskólana þar sem við lentum í öðru sæti býður einn sem spilaði undir í keppninni okkur að taka upp lagið. Við mætum og tókum það upp og viku seinna var það í útvarpinu. Ég vissi ekki alveg hvað var að gerast. Ég var bara á fullu í A-landsliðinu í fótbolta á þessum tíma. Í millitíðinni fór ég í landsliðsferð og heyrdi lagið í fríhófninni. Þá fraus ég. Lagið átti svo eftir að verða næst mest spilaða lagið árið 2006 á Tónlist.is og hlaut mikla spilun á öllum útvarpsstöðum.

Kemur þú ennþá mikið fram með systur þinni?

Já við erum saman í hljómsveit sem heitir SamSam og við komum töluvert fram. Við erum með frábært band með okkur, fjórir strákar sem gera þetta að veruleika og hafa hjálpað okkur að útsetja lögin okkar og gera þau flott. Við höfum verið að koma fram sem SamSam á stöðum eins og Rósenberg og svo höfum við líka verið að fara á allskyns viðburði, annaðhvort við systurnar bara tvær eða með Mumma píanóleikara með okkur. Þetta er allt reynsla og alveg ofboðslega gaman. Það er mjög ánægjulegt að einhver vilji fá mann til að syngja fyrir sig.

Þú stundaðir fótbolta frá blautu barnsbeini og varst meðal annars í meistaraflökki Breiðabliks og A-landsliðinu ásamt því að fara til Bandaríkjana í háskóla á fótboltastyrk. Þú ákvaðst samt að hætta í boltanum í haust. Hvað kom til?

Þetta var búíð að blunda í mér lengi. Það var ekki því mig langaði að hætta heldur var mér búíð að vera illt í skrokknun lengi. Þetta var mjög erfíð ákvörðun því þetta er næstum því eins og uppgjöf fyrir mér. Ég er íþróttamaður og manni finnst að maður eigi að fara í gegnum allt og klára það. En ég slít krossband árið 2008. Það kemur fyrir margar stelpur og margar halda bara áfram. Ég náði alveg bata og komst aftur í landsliðið en ég varð aldrei 100% góð í hnénu. Ég var líka undir gifurlegu álagi, var að æfa á hverjum einasta degi og keppa mikið. Ég finn ekki mikið til í hnénu núna sem er gott því það þýðir að ég hafi tekið rétta ákvörðun á réttum tíma. Þegar manni er lengi illt þá fer sjarminn afþessu. Ég hugsaði málið lengi í allar áttir og komst alltaf að sömu niðurstöðu. Svo er það líka eitthvað sem ég hef ekki talað mikið um en ég hef fengið fimm heilahristinga. Þegar ég bjó úti í Bandaríkjunum fór ég til læknis sem sérhæfði sig í heilahristingum og hann sagði að hámarkið væri yfirleitt fimm heilahristingar. Þá ráðleggja þeir fólki að hætta í íþróttum. Heilahristingar eru meidslí sem er loksins er farið að taka alvarlega. Mér finnst ég ekki

Ég vil ekki vera mamma sem setur kaffikönnuna í ísskápinn og mjólkina hjá kaffikönnunni.

enn hafa náð almennilegum bata síðan ég fékk síðast heilahristing en því oftast sem maður fær heilahristing því lengri tíma tekur að jafna sig.Ég var til dæmis einn mánuð að jafna mig eftir þar seinasta heilahristing en fjóra mánuði eftir þann seinasta. Þannig ef það gerist aftur, hver veit? Ég fann líka að hné er hné og ég gat alveg tekið áhættuna á að skemma það en ekki heilann. Ég vil ekki vera mamma sem setur kaffikönnuna í ísskápinn og mjólkina hjá kaffikönnunni. Ég var líka hætt að hoppa upp í skallabolta og mátti eiginlega ekkert skalla Fram að þessu var ég að hoppa upp og beygja mig. Það er kannski ástæða þess að ég fékk fimm heilahristinga, ég fer í allt. Mér fannst óþægilegt að vera orðin hrædd og að liðsfélagar mínir gátu ekki treyst á mig.

En hvernig tilfinning var það að hætta?

Þetta er bara eins og sambandsslit. Ég upplifði heilmikla ástarsorg. Þetta var kannski erfíðast þegar ég opinberaði þetta sjálf og fékk mikið af yndislegum kveðjum og fallegum orðum. Þá fór ég að sannfæra mig um að þetta hafi verið vitlaus ákvörðun og að sambandið við fótboltann verði að virka. Þannig að þetta var erfíður tími. Ég grét mikið og gaf mér tíma í það en ég vissi samt alltaf að þetta væri rétt ákvörðun. Þetta snerist líka um að hætta og leyfa fólki að muna eftir mér sem góðri í fótbolta.

Var einhvern tímum erfitt að vera bæði í boltanum og söngnum?

Já, það var oft heilmikið stúss. Í kringum „Ó María“ varð smá bomba og alltíeinu vorum við bara að syngja á 17 júní og svona. Einu sinni var ég til dæmis á hóteli með landsliðinu og fékk góðfúslegt leyfi til þess að fara að syngja á Rútstúni frekar en að fara í liðsferð í bíó. Þetta var bara eitt lag sem fór í útvarpið og það var eiginlega of mikið. Boltinn hafði líka áhrif síðasta sumar. Um leið og við vorum bókaðar í brúðkaup eða eitthvað kíkti Hófi systir á ksi.is og gáði hvort það væri leikur eða æfing því það er ekkert grín að sleppa æfingu.

Nú vakti athygli fyrir nokkrum vikum þegar þú settir mynd af þér á Instagram þar sem þú varst ómáluð, hvað kom til?

Mér fannst þetta alveg ótrúlega fyndið. Ég átti semsagt að sofa með hnúta í hárinu til að fá krullur fyrir upptökuna á Söngvakeppninni. Svo vaknaði ég um morguninn og ég hef aldrei séð mig svona, toppurinn bara sneri upp og ég var eins gaurinn úr „There is Something about Mary“. Alveg ofsa mygluð. Ég vissi að eg yrði sminkuð vel og allt yrði flott þannig mér fannst fyndið að taka mynd af mér. Ég sýndi síðan stelpunum og þær bara grétu úr hlátri. Þetta var líka mjög léleg mynd, með símann alveg uppvíð nefið og með fyndinn svip og svona. Síðan á laugardeginum sjálfum hugsaði ég að það væri gaman að hvetja vini mína til að fylgjast með þannig að í staðinn fyrir að setja einhvern „banner“ af mér með símanúmerinu og eitthvað þannig

fannst mér fyndið að setja bara þessa mynd. Svo auðvitað fór þetta bara á visi.is sem var mjög fyndið. En á laugardeginum fór ég á fótboltaleik og þar kom til ein stelpa til mín og þakkaði mér fyrir myndina. Ég fór bara að hlæja og spurði hvað hún meinti. „Bara

GRETA MJÖLL
Á 30 SEKÚNDUM
Fyrstu sex: 050987
Égg hef aldrei: Farið hringinn í kringum Ísland.
Æskuátrúnaðargoð: Hanson.
Ég var ástfangin.
Í bragðarefinn fæ ég mér: Súkkulaðisósu, tromp, þrist, og svo jerðaber. En bara alveg í lokin svo þau séu að mestu heil.
Versti ótti: Að missa ástvin.
Ef ég væri hljóðfæri væri ég: Trompet, þá væri ég alltaf prumpandi og í sleik.

takk, ég var svo glöð að sjá að það eru fleiri svona myglaðir á morgnana heldur en ég“ sagði hún. Ég sagði bara verði þér að góðu. Þannig ég hugsaði að ef myndin gæti látið einhverjum líða vel og þó að það sé á minn kostnað, að fólk finnst ég ljót eða fyndin, hvað sem það er þá er það bara frábært. Mér er alveg sama, ég veit alveg hvernig ég lít út og mér er alveg sama þó allir viti það.

Finnst þér vera mikið um það að konum finnst þær þurfa að vera alltaf sætar og finar á myndum sem rata á netið?

Við þekkjum þetta flestar „Æj ekki taka mynd af mér, ég er með ljótuna“ eða „Ég er ómáluð ég vil ekki vera með á mynd“. Vill maður ekki frekar ná augnablikinu heldur en að líta fullkomlega út? Þetta er heimur sem við höfum skapað sjálfar að ákveðnu leyti. Mér fannst með þessari mynd mjög fyndið að sýna fólk að ég get verið mygluð og ljót en svo kannski fin í sjónvarpinu, en það var líka mikið fyrir því haft. Ég var náttúrulega með flottustu sminku landsins sem gerði mig fína. Þetta var engin brjálæðisleg ádeila hjá mér til að byrja með en það má hugsa þetta út frá mörgum vinklum. Ef þetta hjálpar einhverjum að finnast hún ekki þurfa að eyða 37 mínútum á morgni eða meira í að setja á sig einhvern augnskugga þá er það bara fint og vonandi trúir hún því að hún sé falleg. Við erum það allar.

Þetta er heimur sem við höfum skapað sjálfar að vissu leyti.

Eftir menntaskóla fórst þú út til Boston í Bandaríkjunum og varst þar við nám í fjölmiðlafræði og stafrænni fjölmiðlun. Getur þú sagt okkur frá þeirri upplifun?

Ég tók BA gráðu í fjölmiðlafræði. Ég tók m.a. valáfanga sem var klipp og myndvinnsla og ég varð bara háð. Ég fer upphaflega í fjölmiðlafræði haldandi það að ég vilji vera fyrir framan myndavélina, en fer svo í framleiðslu áfanga og ég bara féll fyrir öllu sem tengdist lífnu fyrir aftan myndavélina. Þá er það fyndið hvað það er margt sem þarf að huga að í framleiðslu á einum þætti og svo fær þáttstjórnandinn mesta hrósið. Síðan þegar ég kláraði BA gráðuna átti ég eitt ár eftir á fótboltastyrk og ég vildi nýta hann. Þá fann ég þetta nám í stafrænni fjölmiðlun og það heillaði mig því það var meira verklegt. Þar fékk ég svona smjörþefinn af öllu. Ég lærði líka að skrifa handrit þannig þetta er eins og kvikmyndaskóli að einhverju leyti. Þetta nám opnaði augun mín fyrir hluti eins og sjónbrellur sem er það sem ég vinn við í dag.

Hvað er það nákvæmlega sem þú gerir héra hjá Latabæ?

Ég er „visual effects manager“ þannig ég er ekki í tæknivinnunni sjálfri en vinn við að skipuleggja deildina. Ég til dæmis hjálpa starfsfólkinu og passa upp á allir séu með allt. Þetta er stórt fyrirtæki og það eru milljón hlutir að hugsa um. Við erum að vinna kannski 800-1000 skot fyrir hvern þátt. Þannig ég er í rauninni að sjá um flæði inn og út úr deildinni. Þetta er á vissan hátt heilmikil verkefnisstjórnun.

Hvað er framundan?

Við systurnar ætlum að gefa út plötu. Við erum búnar að stefna að því lengi. Við eigum miklu meira af lögum en við þurfum á plötu þannig við neyðumst til að úllendúllendoffa hver þeirra verða með. Svo elska ég þennan hóp sem ég vann með í Söngvakeppninni og ég gæti vel hugsað mér að vinna meira með honum. Það er líka allt á fullu hér hjá Latabæ. En þar sem það varð ekkert úr því að fara til Kaupmannahafnar að taka þátt í Eurovision ætlum við kærastinn í langbráða reisu. Það hefði verið æði að komast alla leið í Eurovision en í staðinn fyrir að vera svekktur yfir því vorum við bara búin að ákveða að fara í reisu í staðinn. Þannig að um leið og við vissum á laugardaginn að við værum ekki í topp tveimur leit ég á hann og sagði bara „Við erum að fara til Mið-Ameríku þannig það hefði alltaf verið „win win“. Ég er spennt að fá að skoða heiminn, syngja og prófa íslenskt sumar án fótbolta. Ég er reyndar líka frekar kvíðin fyrir því af því ég veit að um leið og lyktin af grasi kemur á ég örugglega etir að hoppa í takkaskónna.



Síðasta sem ég...

Síðasta *borg* sem ég heimsótti utan landsteinanna: París.

Síðasti *veitingastadur* sem ég borðaði á: Santa Karamba.

Síðasta sem ég *keypti* mér: æðislegur kjóll í KronKron.

Síðasta *kvikmynd* sem ég sá: About Time.

Seinasti sem ég *knusadi*: Maðurinn minn auðvitað en annars knúsaði ég svona þúsund manns á laugardaginn.





BORÐA DREKKA
TYGGJA

Extra

 Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætefnis í tyggigúmmii



1 Það fysta og það allra mikilvægasta er að ef þú ert á almenningsklósetti eða klósetti í partyi eða einhverri fjöldasamkomu þá þarftu aldrei meira en fimm til tíu mínútur max! Sérstaklega ef einhver sýnir áhuga sinn á téðri klósettskál með því að taka í hurðarhúnninn, þá hættirðu í Angry Birds, leggur frá þér símann og klárar. Ef það er ekki möguleiki í þínum aðstæðum ætla ég að benda þér á að leita þér læknis því þú gætir eflaust verið með eitthvað aðeins stíflað einhvers staðar og alls ekki hæfur til þess að koma út á meðal fólks.



2 Sértu í þeim aðstæðum að þú gætir ef til vill skilið eftir þig einhverja lykt taktu þá sápu og þvoðu þér með heitu vatni. Ekki aðeins þværðu þá á þér hendurnar heldur fyllirðu baðherbergið af aðeins skárra lykt í leiðinni, þetta er svo kallað „win-win situation“. Ef þú ert í heimahúsi gætirðu líka jafnvel litast um eftir einhvers konar „room aroma“ eða herbergisilm, margir hafa svoleiðis spreibrúsa einhvers staðar akkurat fyrir þín tilvik.

3 Ef þú pissar út fyrir - þurrkaðu það þá upp! Ef þú hellir drykknum þínum á gólfid, þá þurrkarðu það vonandi upp. Ef þú hrindir einhverju um koll þá reisirðu það væntanlega við. Það sama gildir um þig og þína líkamsvessa, og þetta tekur ekki nema örfáar sekúndur. Strákar, ég er að tala við ykkur!

4 Ekki sturta neinu niður í klósettið nema klósettpappír og því sem þú skilaðir af þér. Það finnst engum gaman að losa stíflur. Þú getur losað úr vörinni í ruslið, sama gildir um allar þær vörur sem við dömunar þurfum allreglulega að nota. Svo ekki sé talað um barnableiur og almennt rusl. Þetta er ekki ruslatunna - þetta er niðurfall úr klósetti, ekki það sama þótt almenn skoðun virðist vera önnur.



6 reglur um klósettkurteisi

Hér skrifar **Hulda Hvönn** um klósettkurteisi og almennar reglur sem því fylgja.

Þetta gæti þótt heldur óviðeigandi aðferð til þess að byrja pistil en ég þarf svo sárlega eitthvað til að dreifa huganum. Kæri lesandi, nú er ég búin að biða í meira en 15 mínútur eftir að klósettið losni og ég sver að í mínu ástandi þá myndi ég láta mér holu úti í horni á tyrnesku fangelsi nægja mér. Ég er nú komin á það stig að ég sit á gólfinu með krosslagðar lappir og myndi gefa bæði annan handlegginn og augnhvítuna til þess að heyra þetta unaðslega hljóð þegar klósetti er sturtað niður.

Mér varð hugsað til þess hvort að svona almenn klósettkurteisi sé eitthvað sem ég hef ein tileinkað mér, og til þess að vera viss um að svo sé ekki hef ég ákveðið að birta fyrir lesendum klósettbíbliuna mína. Flestir gætu eflaust tileinkað sér eitt eða annað af þessum ágæta lista.



5 Ef þú ert að biða eftir að baðherbergið losni, sýndu þá biðlund. Að banka á hurðina er einn sá allra mesti dónaskapur sem ég veit, sérstaklega ef þú þekkir ekki manneskjuna hinum megin við dyrnar. Bankaðu aðeins ef þú hefur virkilegar og einlæggar áhyggjur af því að hinn aðilinn sé við dauðans dyr (ég gef því um hálf tíma eða svo).

6 Og síðast en ekki síst, ef þú lendir einhvern tímann í því að vera að nota klósettið í einhverjum öðrum tilgangi en til er ætlast, sýndu þá fólki þá almennu kurteisi að losa það eins fljótt og auðið er ef einhverjum er greinilega mál og getur ekki lokið sínum viðskiptum neins staðar annars staðar. Klósettu eru ekki góðir staðir fyrir áfengisdauða, sérstaklega ekki ef þú læstir á eftir þér. Baðkarið er ekki staður til að leggja sig þótt þú sért þreyttur. Stelputrúnó verða að láta sér eldhúsbúrið nægja.



Mér finnst þetta persónulega tiltölulega einfaldar reglur en stundum virðist þetta vefjast eitthvað fyrir fólki. Lykillinn að farsælum klósettförum er gagnkvæm tillitsemi og hana má tryggja með þessum sex einföldu reglum klósettkurteisinnar.

Vantar þig aukna orku?

FOCUS

Kraftmikill og frískandi
orkugefandi
drykkur án sykurs!

Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.

Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk.

Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar
– heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

Handhægt, bragðgott og frábært verð

Vertu alltaf með orkuna við höndina
og gríptu einn stauk af FOCUS í
næsta apóteki .

Áhrifarík
innihaldsefni
- virkar
samstundis



Fæst í Fjarðarkaup og helstu apótekum um land allt
brokkoli.is

LJÓÐAFLÓÐ



Hin bitra ást

Ég öfunda fuglana sem vekja þig hvern dag, sem sitja utan gluggans til að syngja þér lag.

Og ég öfunda sólina sem gælir við þig blítt, sem gefur þér allt sem gott er og hlýtt.

Og ég öfunda vindinn sem strýkur þér um vangann, sem ber burtu með sér þína guðdómlegu angan.

Og ég öfunda rúmið sem heldur á þér hita, sem fær allt um þína drauma að vita.

En mest öfund- a ég manninn sem sefur þér við hlið, því við vitum bæði

það ætt- um að vera við.

Pétur Marteinn Tómasson



Eggjahræra meistarans

- 2 egg
- 5 sveppir
- 35 ml rjómi
- 2 sneiðar af beikoni, saxaðar
- lúka af rifnum osti



Léttsteikið beikonið á pönnu. Blandið svo saman við egg- in, sveppina og rjómann og steikið vel saman. Bætið svo ostinum við varlega við. Borið fram með nýkreistum appelsínusafa.

ISL-ENSKUR TEXTI

Katy Perry Dark Horse

I knew you were
You were gonna come to me
And here you are
But you better choose carefully
'Cause I, I'm capable of anything
Of anything and everything

Make me your
Aphrodite
Make me your
one and only
But don't
make me your
enemy, your
enemy, your
enemy



Ég vissi að þú værir
Þú ætlaðir að koma til mín
Og hér ert þú
En þú velur betra vandlega
Því ég, ég er fær um neitt
Af neinu og allt

Gera mig Afródíta þín
Gera mig einn og aðeins
En ekki gera mig óvinur þinn, óvinar þíns, sem óvinur þinn

Takk Google Translate

EINTÓM ÞVÆLA



„Já burt með þig vinan!“ sagði formaður Ólympíuleikana við grænlenku hjólakonuna Aagaali Sörensen sem hafði hjólað alla leið frá Grænlandi til Sochi í Rússlandi þar sem hún hafði hugsað sér að taka þátt í Vetrarólympíuleikunum. Hjólreiðar eru þó ekki vetraríþrótt og gerði Sörensen sér fljótlega grein fyrir því og hjólaði aftur heim.

Fíknin

Ég heiti Auður og ég er fíkill. Já, ég er háð Kardashian fjölskyldunni. Þær heppnu sálir sem lesa þennan pistil og kannast ekki við þessa geðsjúk- lina, til hamingju.

Ég tel mig vera ágætlega lesna unga konu. Ég hef áhuga á allskyns þjóðfélagsmálum, bók- menntum, listum, kvikmyndum og allt þannig. En á einhvern und- arlegan hátt nær þessi blessaða fjölskylda og þættirnir um „líf“ þeirra að halda mér í heljargreipum og hefur gert í mörg ár.

Ég hef aldrei verið háð neinum efnum þannig ég veit ekki hvernig sú tilfinning er, en Kardashian fíknin hefur sínar myrku hliðar. Þegar ég veit að það er kominn nýr þáttur hvet ég yfirleitt sambýlismanninn til að yfirgefa íbúðina, svæfi barnið og kem mér virkilega vel fyrir. Þátturinn byrjar og þetta er frábært fyrst. Svo fer manni að líða illa, „Hvað er ég eiginlega að horfa á?“ „Afhverju eru þau svona?“ Í flestum tilvikum er ég komin á blússandi bömmur í lok þáttar yfir að vera ein af þeim sem yfir tilvist raunveruleikasjónvarps. Eftir hvern þátt hugsa ég, „Nei nú er ég hætt“ en svo enda ég alltaf fyrir framan skjáinn á ný viku síðar.

Það fylgir því mikil skómm að vera háður Kardashian fjölskyldunni. Það er ekkert hægt að planta sér á kaffistofuna í vinnunni og spyrja með hverjum fólk hélt í rifrildi Kim og Kris, nýjasta „outfit“ Penelope litlu eða hvað fólk fannst um 16 ára afmælisveislu Kylie. Svo ekki sé minnst á Khloé og Lamar? Hvað er eiginlega í gangi?

Ég er líka löngu hætt að reyna að ræða þetta við vinkonur mínar. Þær verða held ég bara þínu hræddar þegar ég reyni að fá þær til að tala við mig um Kardashian fjölskylduna og horfa á mig með



sorgaraugum. Meira segja 10 mánaða gamall sonur minn er hættur að nenna að hlusta á mig.

Nú þykist ég þó vita að ég er ekki ein í þessari stöðu. Þátturinn er núna á sinni niundu ser- íu og hefur verið sýndur í sjö ár í sjónvarpi. Það hljóta einhverjir aðrir en ég að horfa á þessa vitleysu. Það er nú eiginlega bara hneyksli að það séu ekki til einhver samtök fyrir okkur, Kardashian fíklana. Hvar er skjaldborgin?



Ég trúi því þó að ég geti læknast. Það er ljós í enda ganganna. Til dæmis hef ég ekki horft á nýjasta þáttinn og er það mikið afrek fyrir fíkil eins og mig. Sérstaklega í ljósi þess að í seinasta þætti var sýnt frá bónorði bónorðanna, þar sem Kanye West býður spúsu sinni henni Kim á hafnabolta- völl ásamt þúsund helstu vinum þeirra og biður hana um að giftast sér. Reyndar var ég nú búin að sjá þetta allt saman á Instagram fyrir mörgum mánuðum en það er önnur saga.

Auður Albertsdóttir



ELTU ÞENNAN

Það kannast flestir við svokölluð fyrsta heims vanda- mál en þau geta verið ansi sjálfhverf og fánæg. Á þessari Twitter síðu er hægt að sjá gott safn af þeim.



First World Pains @FirstWorldPains

I have a nice DSLR Camera and I know how to use it, but nobody will comment on my photos unless I put instagram-style filters on them

FIRST WORLD PAINS

@FirstWorldPains



10

bestu ástarlögin

Hjá mörgum er febrúar róm- antískasti mánuður ársins og er því við hæfi að birta topp 10 ástarlögin að mati Monitor.

- 1 Halo Beyoncé**
Auðvitað er þetta á toppnum. Beyoncé syngur um geislabauginn sem umlykur þann sem maður elskar. Algjört gull.
- 2 God only knows-Beach Boys**
Þetta lag er tímalaut, rétt eins og ástin.
- 3 We Found Love -Rihanna og Calvin Harris**
Það er eitthvað rómantískt við það að finna ástina á vonlausum stað. Síðan er hægt að dansa.
- 4 Something-Bítarnir**
George Harrison samdi þetta lag árið 1969 til þáverandi eiginkonu sinnar. Það samband er kannski búið en samband okkar við þetta lag varir að eilífu.
- 5 Allt fyrir ástina-Páll Óskar**
Án efa besta íslenska ástarlagið. Páll Óskar segir okkur að fara út með hatríð og inn með ástina. Á alltaf við.
- 6 At last-Etta James**
Einmanna dagar eru liðnir og líf manns er eins og lag. Ótrúlega fallegt og klassískt lag.
- 7 Can you feel the love tonight -Elton John**
Það er ekki að ástæðulausu að þetta lag nældi sér í Óskarsverðlaun. Með laginu nær Elton John að gera ástarsamband ljónanna Simba og Nölu að eitt því fallegasta sem til er.
- 8 Teenage Dream Katy Perry**
„Þér finnst ég sæt ómáluð“ Frekari orð eru óþörf.
- 9 Just The Way You Are Bruno Mars**
Það er nefnilega þannig að sá sem maður elskar er fullkominn eins og hann er. Mikill viskubrunnar hann Bruno karlinn.
- 10 Ást Ragnheiður Gröndal**
„Þú gafst mér skýin og fjöllin og guð“ já, ástin gefur manni sko helling.

VÍSINDAVEFURINN



Af hverju lím- ist límtúpan ekki saman?

Það má skipta límgörðum gróflaga í tvo flokka eftir virkni þeirra. Annar flokkurinn byggir á herslu af völdum efnahvarfa og hinn flokkurinn byggir á herslu af völdum uppgöfunar vökva. Lím í fyrri flokknum eru almennt sterkari en lím úr seinni flokknum en jafnframt eru þau oft vandmeðfarnari og geta verið ertandi fyrir höfund, lyktsterk og jafnvel eitruð. Dæmi um lím úr fyrri flokknum er til dæmis tveggja þátta lím á borð við epoxy og pólýúretan sem byrja að herðast eftir að tveimur aðskildum efnum er blandað saman. Dæmi um lím úr síðarnefnda flokknum eru ýmis föndurlím, hvítt trélím og snertilím. Snertilím er gúmmí- kennt viðkomu, vanalega borið á báða snertifleti sem eru svo settir saman þegar límið er orðist snertifritt. Ef límtúpan er vel lokuð verður engin uppguf- un á vökvanum (leysinum) og límið helst fljóttandi.



HÖNDLARÐU HITANN ?

THE ORIGINAL
**TYRKISK
PEBER**

Snilldin að baki Vine

Einu sinni var talað um fimmtán mínútna frægð en nú er það öllu heldur sex sekúndna frægð. Á aðeins einu ári hefur **Vine** vaxið og dafnað í netheiminum og ekki sér fyrir endann á velgengninni. **Monitor** fór á stúfana og kannaði hvað er svona sérstakt við Vine.

Það er mörgum í fersku minni þegar Vine stjórnurnar Jerome Jarre og Nash Grier ollu öngþveiti í Smáralind fyrr á árinu. Margir ypptu öxlum og höfðu aldrei fyrr heyrt minnst á fyrirbærið Vine. En öngþveitið í Smáralind er þó til marks um að margir af yngri kynslóðinni eru með á nótnunum og sú tala fer vaxandi. Það er ekkert sem er Vine miðlinum óviðkomandi. Þar má finna myndbönd sem sýna raunverulega og fréttæma atburði eins og þegar sprengingin varð í Boston. Langflest myndböndin eru þó í léttari kantinum þar sem markmiðið er að fá fólk til þess að hlæja.

Flestir vanmeta tímann

Vine var stofnað fyrir um ári síðan af þeim Dom Hofmann, Rus Yusupov og Colin Kröll. Þeir vildu búa til forrit sem gerði fólk kleift að setja saman myndbönd með auðveldum hætti. Fyrst voru engin tímatakörk á lengd myndbandanna en þeir sáu svo fljótlega að til þess að hægt væri að deila myndböndunum á samskiptamiðlum með fljóttum og auðveldum hætti þá þyrftu myndböndin að vera stutt og hnitmið-

uð. Þannig mætti ná til sem flestra. Þeir ákváðu því að takmarka myndböndin við sex sekúndur sem þykir mjög stutt en þeir halda því þó fram að flestir vanmeti þann tíma sem þarf til þess að taka upp eitt myndband. Til þess svo að myndböndin yrðu ekki of endasleppt þá ákváðu þeir að láta þau endurtaka sig í sífellu sem er nú eitt af aðal einkennismerkjum Vine.

Langflest myndböndin eru í léttari kantinum þar sem markmiðið er að fá fólk til þess að hlæja.


Höfðar til yngri kynslóðarinnar

Notendur forrísins eru ríflega 40 milljón talsins og tæplega fimm milljón manns heimsækja síðuna í hverjum mánuði en sú tala segir samt ekki alla söguna um það hversu öflugur

miðill þetta er. Vine nær í rauninni til mun fleiri því margir notendur setja myndböndin einnig inn á aðra miðla eins og Twitter og Facebook og því er ómögulegt að henda reiður á hversu umfangsmikið Vine er í raun og veru. Engar staðfestar tölur eru um aldursdreifingu notenda Vine en ætla má að flestir þeir sem nýta sér Vine séu töluvert yngri en til dæmis notendur Facebook eða Instagram eða tuttugu ára og yngri.

Framtíðin virðist björt

Vinsældir Vine hafa ekki farið framhá markaðssérfræðingum enda verður keppnin athygli fólks sífellt harðari og fyrirtæki þurfa að leita leiða til þess að grípa athygli fólks á mun skemmri tíma en áður. Fyrirtæki eru því í auknum mæli farin að kanna hvernig þau geta nýtt sér Vine til þess að ná til sinna markhópa. Margir bíða spenntir eftir næstu skrefum samskiptamiðilsins og ljóst er að aðrir samskiptamiðlar á borð við Instagram eru þegar farnir að bregðast við vaxandi markaðshlutdeild þeirra. Framtíð Vine virðist að minnsta kosti björt enn um sinn.



HVERNIG VIRKAR VINE?

Vine forritið gerir manni kleift að setja saman með einföldum hætti sex sekúndna löng myndbönd sem endurtaka sig með reglulegu millibili. Síðan er hægt að deila myndböndunum á öðrum samskiptamiðlum eins og til dæmis Twitter eða Facebook. Þetta er því skemmtilegur miðill fyrir skapandi einstaklinga og aðra sem vilja sýna eitthvað áhugavert á þessum skamma tíma sem í boði er. Þá veur athygli að ekki eru til staðar hefðbundnir takkar upptökutækja eins og Spila, Stopp eða Pása. Aðeins þarf að halda einum fingri á skjánum til þess að hefja upptöku og til þess að stöðva eða páska upptöku er fingurinn tekinn af skjánum.



Steindi Jr. 549 fylgjendur

„Ég setti inn fyrsta Vine-ið mitt í apríl á síðasta ári. Ég rakst á forritið og kynnti mér það. Ég sá að hægt væri að búa til sex sekúndna myndband sem endurtæki sig og mér fannst það sniðugt og fór að gera slík myndbönd. Ég nota Vine bæði fyrir “sketcha” og almennan fíflaskap. Það er gott fyrir grínista að halda sér í æfingu með því að vera að nota forrit eins og Vine eða Twitter. Það skemmtilega við Vine er að maður hefur bara sex sekúndur og fólk gerir sér ekki grein fyrir því að það er mikill tími og það er í raun hægt að gera hvað sem er. Þetta er kannski bara minn vettvangur til þess að fá útrás.”

Sólveig María Sölvadóttir 15 ára 528 fylgjendur

„Ég er búin að vera í sirka mánuð á Vine. Eftir að Jerome Jarre og Nash Grier komu til landsins þá langaði mig að prófa að halda úti minni eigin síðu á Vine. Mér fannst þetta mjög sniðugt. Það er gaman að sjá svona myndin myndbrot. Ég held að flestir þarna leitist við að gera eitthvað sem fær aðra til þess að hlæja. Sumar hugmyndir fæ ég frá öðrum Vine-urum og stundum dettur mér bara eitthvað myndi í hug og ákveð svo í framhaldinu að búa til Vine. Þá er líka skemmtilegt að gera relateable vines sem er vine sem fjallar um eitthvað sem allir ættu að kannast við.”


Uppáhalds vine-aramir: Jerome Jarre og Alex Holtti.



Sindri Pétursson 19 ára 189 fylgjendur

„Ég bjó til aðganginn fyrir ári síðan en setti inn fyrsta vine-ið um það leyti sem Nash Grier og Jerome Jarre komu til landsins. Ég fékk nokkur like á það en svo bjó ég til myndband þar sem ég kasta banana í vin minn sem líkist mjög Nash Grier og myndbandið fékk meira en fimm hundruð like og fékk um 51 þúsund “reblogs”. Ástæðan fyrir þessum vinsældum hlýtur að vera að fólk heldur að þetta sé hinn raunverulegi Grier. Ég er ekkert rosalega virkur en mér finnst þetta mjög skemmtilegt og geri bara það sem mér dettur í hug hverju sinni. Ég reikna með því að halda áfram að leika mér með þetta. Það er bara verst hversu fáir Íslendingar nota þetta. Þeir mættu vera fleiri.”

Uppáhalds Vinearamir: KingBach, Thomas Sanders, Jerome Jarre og Rudy Mancuso.



Á MÖRKUM HINS LEYFILEGA

Jerome Jarre er einn þeirra sem nýtur gríðarlegra vinsælda á Vine. Hann leikur sér að mörkum þess sem má og má ekki í mannlegum samskiptum og birtir ýmis myndbrot þar sem hann hegðar sér einkennilega eða jafnvel áreitir fólk á götum úti og útkoman er oft sprenglægileg. Í kjölfar vinsælda hans á Vine hefur hann verið gestur í spjallþætti Ellen DeGeneres. Máttur Vine er því mikill.



Isn't my house classic? The columns date all the way back to 1972.
Cher - Clueless

KVIKMYND

Rífdú þig í gang!

Það fór ekki fram hjá neinum þegar Stöð 2 hætti við að sýna þætti Egils Einarssonar, Lífsleikni Gillz, hér um árið vegna hitamáls í samfélaginu. Margir af aðdáendum Gillzans voru mjög svekktir og hann sjálfur eflaust mest af öllum. Núna þegar öldurnar eru búnar að lægjast þá hefur Egill brugðið á það ráð að skeyta þáttunum saman og gera úr þeim kvikmynd.



hann kys að kalla það. Hann stútfyllir þessar sögur af steriótýpum og skapar ansi myndar aðstæður, sem í sannleika sagt eiga ekki allar stöð í raunveruleikanum.

Áður en ég held lengra þá ætla ég að tilkynna að ég er einn af þeim sem að tek skrif og atugasemdir Egils ekkert alltof alvarlega og lít á þetta sem grín sem ég hef einstaklega gaman af, mér finnst Gillz mjög myndin.

Þeir Pétur Jóhann, Andri Freyr, Hannes Óli og Hilmar standa sig allir vel sem rasshausarnir og Helgi Björns, Auðunn Blöndal og Arnar Grant áttu mjög góðar innkomur.

Mér fannst myndin vera mjög myndin en þetta með að yfirfæra þætti beint yfir í kvikmynd var ekki að ganga nægilega vel á mínum dómi og skiptinginn á milli kafla var ekki nógu smooth. Egill fer nýjar hæðir í að upphæfa sjálfan sig og að gera semi grín af sjálfum sér, sem var mjög myndið en fór aðeins of langt þegar leið á myndina. Fínasta skemmtun sem tekst að kitla hláturtaugarnar hjá fólki sem filar Stóra G-Höfðingjann.


Myndina gerði Egill í samvinnu við Hannes Halldórsson og fékk hann til liðs við sig fjöldann allan af leikurum og þjóðþekktum einstaklingum. En eins og nafnið gefur til kynna þá er Gillz að kenna fólki á lífið í hinum ýmsu aðstæðum.



Hann tekur fyrir í myndinni 4 klípusögur af rasshausum með allt niðrum sig, eins og

LÍFSLEIKNI GILLZ

ÍVAR ORRI



FRUMSÝNING HELGARINNAR

I, Frankenstein

200 árum eftir að Victor Frankenstein skapaði samnefndan uppvakning í hinna frægu sögu Mary Shelley er hann enn lifandi og gengur nú undir nafninu Adam. Segja má að myndin sé ein allsherjar rússíbanareid og tæknibrelluveisla frá upphafi til enda. Eftir að Victor Frankenstein hafði árið 1795 tekist að setja saman mannlíkama úr líkamspörtum látins fólks og vekja hann til lífsins með eldingu varð honum ljóst að hann hafði skapað skrímsli sem hann yrði að drepa. En uppvakningurinn komst

undan og flúði til Norðurlands þar sem Victor bar að lokum beinin eftir að hafa veitt honum eftirför. Eftir að hafa grafið skapara sinn verður uppvakningurinn fyrir óvæntri árás djöfla, en er bjargað af verum sem erkiengillinn Mikael hafði skapað og það eru þessar verur sem gefa honum nafnið Adam. Um leið verður björgunin upphafið að aldalangri baráttu Adams við djöflana sem undir stjórn hins illa Naberius ætla sér að sigra heiminn ...

Aðalhlutverk: Aaron Eckhart, Bill Nighy, Miranda Otto, Yvonne Strahovskiy, Jai Courtney, Socratis Otto og Aden Young
Leikstjórn: Stuart Beattie
Bló: Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri
Aldurstakmark: 14 ára

VILTU VINNA MIÐA?
 facebook.com/monitorbladid

KÍKTU Í HEIMSÓKN

WWW monitor.is

ÞÚ HEFLUR EKKERT BÆTRA AÐ GERA

MONITOR

TÖLVULEIKUR

Tomb Raider
 MAAAA

Tegund: Hasar- og ævintýraleikur
Útgefandi: Square Enix
Dómar: 8 af 10 – Gamespot, 9,1 af 10 – IGN.com, 8 af 10 – Eurogamer.net

Háskerpukjöt

Í tilefni af útgáfu PlayStation 4 og Xbox One leikjafólva ákváðu framleiðendur Tomb Raider leikjanna að endurútgefa nýjasta leik seríunnar, en hann hafði áður komið út fyrir PC og gömlu leikjafólva.

Við tölvunördarnir fögnum því og er ástæðan einföld. Lara Croft er mætt hér í fullri háskerpu í fyrsta sinn og hefur sjaldan eða aldrei litið betur út. En það sem er ennþá betra er að nú fá leikmenn tækifæri til að spila aftur í gegnum þetta magnaða ævintýri, en Tomb Raider er með betri hasarleikjum sem komið hafa út síðustu ár.

Lara Croft lendir ásamt félögum sínum á eyju þar sem undarlegir hlutir eru að gerast. Fólk hverfur eitt af öðru og þarf Lara á öllu sínu að halda til að bjarga sér og sínum frá eyjunni.

Leikurinn spilar í þriðju persónu og er blanda af hasar og ævintýri. Leikmenn geta hoppað um, þrífald uppum alla veggi, notað hin ýmsu vopn og barist við óvini af öllum stærðum og gerðum.

Landssvæði leiksins er mjög stórt og geta leikmenn vaðið um það að vild, en það er fullt af földum grafreitum, villtum dýrum og fleira sem Lara græðir á að tækla. En allt sem Lara nær að safna og drepa getur hún notað til að uppfæra bæði eigin hæfileika og vopnin í leiknum.

Leikurinn er mjög harður og veigrar Lara sér ekki við að rista menn á hol og rífa þá í tvennt, enda hörkukvendi. Þetta er einmitt ástæða þess að leikurinn er bannaður innan 18 ára og er full ástæða til.

Tomb Raider er einhver besti leikur sem ég hef spilað og er mjög gaman að spila hann aftur í háskerpu, en leikurinn er allur mun flottari og lifir maður sig betur inni söguna, en saga leiksins er mjög mögnuð og heldur manni spennu.

Það er ljóst að Lara Croft er hér í sínu fínasta formi með háskerpu svalir og allt að gerast og alveg klárt að ef ég væri Færeyingur, þá myndi ég fara að kjamsa á svona háskerpukjöti, enda rennur þessi gripur ansi ljúflega niður.

ÓLAFUR ÞÓR JOELSSON

SAMSUNG



Hreinasta afbragð!

Samsung Galaxy Note spjaldtölvurnar eru afbragðs góðar. Þær veita notendum frelsi til athafna. Penninn sem fylgir gerir verkefnið skemmtilegra, einfaldara er að skrifa glósur og opna á nýja möguleika til að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín.

Notkunarmöguleikarnir margfaldast og þær nýtast einstaklega vel við lærdóminn.

Galaxy Note eru með Android stýrikerfinu sem er lang vinsælasta og útbreiddasta stýrikerfið fyrir snjalltæki í dag. Þær fást í nokkrum stærðum og gerðum þannig að ávalt má finna tæki sem hentar hverjum og einum fullkomlega.

Svo skilja Galaxy Note spjaldtölvurnar að sjálfsögðu íslensku.

Söluaðilar um land allt





VIÐ TRÚUM ÞVÍ AÐ HAMBORGARI SÉ UPPLIFUN



FERKANTAÐ KJÖT Í FERKANTAÐ BRAUÐ